

Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir kjörnefndir prestakalla um málsmeðferð við val á presti nr. 3/2017

1. gr. *Parfagreining.*

- Biskup Íslands ákveður hvenær laust sóknarprestsembætti, eða embætti prests í prestakalli er auglýst. Biskup undirbýr auglýsinguna með því að fela prófasti, innan tiltekins tíma, að greina þarfir prestakalls og einnig prófastsdæmis ef við á og skila skriflegri greinargerð þar um. Hún skal innihalda eins og við getur átt:
 - a) Lýsingu á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarprestis eða prests. Hér er m.a. átt við landfræðilega afmörkun þess og sókna ef fleiri en ein er, lýsingu á samfélagsgerð (t.d. dreifbýli, þéttbýli, blandað) atvinnuháttum, ef unnt er, fjölda sókna, kirkna og annarra vígðra húsa. Ef embættinu fylgja skyldur héraðsprests skal einnig vinna sambærilega lýsingu á prófastsdæminu.
 - b) Lýsingu á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf. Hér er m.a. átt við íbúafjölda í prestakalli og prófastsdæmi, samsetningu íbúa eftir aldri o.fl., áætlaðan fjölda kirkjulegra athafna, hvort sérstakir þjónustustaðir séu til staðar í prestakallinu, t.d. stofnanir, eða fjölsóttir kirkjustaðir o.fl. Gerð skal grein fyrir samstarfsvæði því sem prestakallið tilheyrir. Enn fremur skal gera grein fyrir þeirri starfsaðstöðu sem prestsembættinu er búin, ef við á.
 - c) Kröfur um sérstaka þekkingu, hæfni eða reynslu, sem leitað er eftir hjá nýjum presti, s.s. í stjórnun, safnaðarstarfi og/eða sérhæfðri þjónustu.
 - d) Greiningu á helstu styrkleikum og veikleikum safnaðarstarfsins og starfs á vegum prófastsdæmis ef embættinu fylgja skyldur héraðsprests.
 - e) Helstu áherslur sóknarnefndar í safnaðarstarfi svo og héraðsnefndar, ef við á, í starfi á vegum prófastsdæmisins næstu fimm árin.
 - f) Annað sem óskað er eftir að taka fram.

2. gr. Auglýsing embættis sóknarprests eða prests og úrvinnsla umsókna.

■ 1. Auglýsing um prestsembætti er birt í Lögbirtingablaðinu. Jafnframt birtist auglýsingin á vefnum kirkjan.is og starfatorg.is. Að liðnum umsóknarfresti kannar biskup hvort umsækjendur uppfylli almenn lagaskilyrði um embættisgengi, að starfsþjálfun sé lokið, að heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá sé fyrir hendi og að fullnægjandi lágmarksupplýsingar um þá séu að öðru leyti til staðar. Nöfn umsækjenda eru birt á vefnum kirkjan.is.

□ 2. Biskup kallar eftir upplýsingum úr sakaskrá um viðkomandi hvað varðar þær tegundir brota sem greinir í 3. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016.

□ 3. Að því búnu veitir biskup matsnefnd rafrænan aðgang að gildum umsóknum.

3. gr. Undirbúningur kjörnefndar fyrir kosningu.

■ 1. Þegar auglýsing um laust prestsembætti hefur verið birt í Lögbirtingablaði sendir biskup kjörnefndarmönnum tilkynningu þar sem upplýst er að embættið hafi verið auglýst og jafnframt skal sendur hlekkur á auglýsinguna á vef Biskupsstofu. Sömuleiðis skal sendur hlekkur á vefsíðu Biskupsstofu, þar sem aðgangur er að þeim lögum, starfsreglum og stefnum kirkjunnar sem við eiga. Beina skal tilmælum til kjörnefndarmanna um að kynna sér vel þær heimildir sem þar eru birtar. Gerð skal grein fyrir trúnaðar- og þagnarskyldu nefndarmanna og að hún verði staðfest með undirritun trúnaðareiða við upphaf fundar kjörnefndar.

□ 2. Hafi einhver kjörnefndarmanna ekki aðgang að rafrænum miðlum skal prófastur annast um að hlutaðeigandi eigi þess kost að fá aðgang að þeim heimildum og gögnum sem varða kjörið.

4. gr. Aðgangur að niðurstöðu matsnefndar og umsóknum.

■ Þegar biskup hefur fengið niðurstöðu matsnefndar veitir hann kjörnefnd aðgang að henni ásamt umsóknum þeirra sem matsnefnd telur hæfasta og tilkynnir nefndarmönnum það. Prestar sem áfram starfa í prestakalli og ekki eru meðal umsækjenda fá einnig aðgang að þessum gögnum.

5. gr. Boðun kjörnefndarfundar.

1. ■ Biskup felur prófasti að boða kjörnefnd til fundar með a.m.k. viku fyrirvara.
- 2. Í fundarboði, sem með skal fylgja dagskrá, skal eftirfarandi koma fram:
 - a) Að gengið sé út frá því að kjörnefndarmenn hafi átt þess kost, fyrir fundinn, að kynna sér á upplýsingasíðu Biskupsstofu á vefnum, starfsreglur um val og veitingu, prestsembætta, leiðbeinandi reglur fyrir kjörnefndir svo og framangreinda þarfagreiningu,
 - b) að gengið sé út frá því að kjörnefndarmenn hafi kynnt sér umsóknir ásamt fylgiskjölum og niðurstöðu matsnefndar,
 - c) að upplýst verði hið fyrsta hvort einhver telji sig ekki geta tekið þátt í starfi kjörnefndarinnar eða hvort um vanhæfi skv. 3. gr. stjórnsýslulaga geti verið að ræða og ef svo sé verði varamaður kallaður inn,
 - d) tillaga prófasts til kjörnefndar um ritara nefndarinnar, sem skal að jafnaði vera héraðsprestur.

6. gr. Upphaf kjörnefndarfundar.

- 1. Prófastur stýrir kjörnefndarfundum og kveður á um fundarsköp eins og þurfa þykir. Kjörnefndarmenn og ritari skulu gæta trúnaðar- og þagnarskyldu um umsóknir, fylgigögn með þeim og um það sem fram fer á fundum kjörnefndar. Skal prófastur minna á þær skyldur og kjörnefndarmenn skulu við upphaf fundarins undirrita sérstakan trúnaðareidd. Þá gengur prófastur eftir því að kjörnefndarmenn hafi kynnt sér auglýsingu ásamt þarfagreiningu, umsóknir ásamt fylgigögnum, niðurstöðu matsnefndar og önnur þau gögn sem aðgengileg eru á upplýsingasíðu fyrir kjörnefndir. Prófastur metur hverju sinni hvort og að hve miklu leyti fara þarf yfir lög og reglur, umsóknir og niðurstöðu matsnefndar og minnir á reglur um vanhæfi.
- 2. Ef við á, gilda framangreind ákvæði einnig um sameinaða kjörnefnd fleiri en eins prestakalls eða kjörnefnd og héraðsnefnd.

7. gr. Undirbúningur viðtala við umsækjendur.

- Kjörnefnd skal:

- a) ákveða og bóka hvað viðtali og spurningum er ætlað að leiða í ljós eða upplýsa, svo og hvaða spurningar verða bornar upp við umsækjendur. Ef fleiri en ein umsókn er um embættið skal þess gætt að allir umsækjendur fái sömu spurningar.
- b) ákveða hvort einstökum kjörnefndarmönnum sé heimilað að spyrja afleiddra spurninga, sbr. 8. gr.,
- b) ákveða hvort – og þá hvernig - umsækjendum sé gert að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni,
- c) ákveða hvort þess verði óskað að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur,
- d) ákveða hvort prestur eða prestar sem áfram starfa í prestakallinu, tjá sig um umsækjendur áður en viðtöl við þá eru tekin eða að þeim loknum.

8. gr. Viðtöl við umsækjendur og frammistöðuprófraunir.

- 1. Prófastur í umboði kjörnefndar boðar umsækjendur til viðtals. Heimilt er að taka viðtöl með fjarfundarbúnaði ef umsækjandi óskar þess. Meginefni svara umsækjenda skal að jafnaði skráð. Prófastur felur fundarritara þá skráningu.
- 2. Prófastur stjórnar viðtali og ber upp hinar samræmdu spurningar. Kjörnefndarmönnum er heimilt að spyrja afleiddra spurninga ef nefndarmenn hafa samþykkt það fyrirfram.
- 3. Í viðræðum kjörnefndar við umsækjendur skal gæta þess að umsækjanda sé gefinn kostur á að koma því á framfæri við kjörnefnd sem hann telur nauðsynlegt eða óskar að öðru leyti eftir.
- 4. Hafi kjörnefnd ákveðið að leggja fyrir umsækjendur að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu, leiðtoga- og samskiptahæfni og/eða óska þess að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur skal það að jafnaði gert í beinu framhaldi að loknum spurningum kjörnefndar.
- 5. Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda í viðtölum, s.s. varðandi spurningar. Annað kynningarstarf umsækjenda fyrir kjörnefnd eða einstökum kjörnefndarmönnum en að framan greinir er því óheimilt.

9. gr. Könnun og samtal kjörnefndarmanna. Kosning.

- 1. Kjörnefnd prestakalls ræðir umsóknir, fylgigögn og frammistöðu umsækjenda í viðtölum og eftir atvikum á öðrum vettvangi. Kjörnefndin kýs að því búnu í leynilegri kosningu.
- 2. Prófastur deilir út kjörmiðum til kjörnefndarmanna og hver og einn þeirra ritar nafn þess umsækjanda sem hann kýs. Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meirihluta gildra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kosið að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Prófastur deilir þá út að nýju kjörmiðum til kjörnefndarmanna og hver og einn þeirra ritar nafn annars hvors þess umsækjanda sem hann kýs.
- 3. Falli atkvæði jafnt ræður hlutkesti. Ef þrír eða fleiri umsækjendur fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða því milli hvaða tveggja umsækjenda kosið verður. Þá er kosið að nýju milli þeirra tveggja. Falli þá atkvæði jafnt ræður hlutkesti hvor telst hafa hlotið kosningu.

10. gr. Niðurstæða kjörnefndar.

- 1. Formaður kjörnefndar tilkynnir biskupi um niðurstöðu kjörnefndarinnar og sendir fundargerðir og önnur gögn til Biskupsstofu. Senda skal gögn rafrænt á netfangið kirkjan hjá kirkjan.is og annað netfang ef Biskupsstofa óskar eftir.
- 2. Kjörmiða skal prófastur afhenda eða póstsenda til Biskupsstofu. Ef við á skal prófastur safna saman útprentuðum gögnum kjörnefndarmanna þ.e. umsóknum og fylgiskjölum með þeim og tryggja að þeim gögnum sé eytt.
- 3. Þess skal gætt að ef kosið er oftast en einu sinni í kjörnefnd að kjörmiðar hverrar kosningar séu varðveitir sér.
- 4. Formaður upplýsir kjörnefndarmenn um það að þagnarskylda kjörnefndar sé áfram í gildi, biskup taki nú við umsjón umsóknarferlisins og að einungis biskup sé bær til þess að tilkynna umsækjendum hver kosinn var og hljóti skipun.
- 5. Telji biskup að verulegur formgalli sé á málsmeðferð kjörnefndar, getur hann ákveðið að skipa ekki í embættið og auglýsa það að nýju.

11. gr. Fundargerðir kjörnefnda.

■ 1. Rita skal fundargerðir um það sem fram fer á fundum kjörnefnda. Fundargerð skal bera eftirtalin atriði með sér að lágmarki:

a) hvar og hvenær fundurinn var haldinn,

b) hverjir mættu á fundinn,

c) að fundurinn hafi verið lokaður,

d) hver stýrði fundi,

e) hvaða gögn voru aðgengileg fundarmönnum,

f) þær ákvarðanir sem kjörnefnd tók,

g) að farið hafi verið yfir gögn um hvern umsækjanda og þau rædd,

h) að nefndin hafi rætt við alla umsækjendur sem matsnefnd mat hæfasta,

i) spurningar kjörnefndar til umsækjenda og meginefni svara þeirra við þeim,

j) annað það sem eðlilegt eða nauðsynlegt þykir að bóka að mati kjörnefndar,

k) óski einhver kjörnefndarmanna þess skal hann eiga rétt á að fá ritað í fundargerð athugasemdir sínar eða afstöðu.

□ 2. Fundargerð skal að fundi loknum lesin í heyranda hljóði og staðfest af öllum kjörnefndarmönnum. Skal þess getið í fundargerðinni sjálfri.

12. gr. Kostnaður.

■ Kostnað af kjörnefnd bera viðkomandi sóknir hver vegna síns eða sinna fulltrúa. Ekki er greidd sérstök þóknun til kjörnefndarmanna vegna kjörnefndarstarfa. Kirkjumálasjóður greiðir kostnað vegna prófasts.

13. gr. Listi yfir kjörnefndarmenn.

■ Prófastur sendir Biskupsstofu árlega fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, lista yfir kjörnefndarmenn, kennitölur þeirra og netföng.

14. gr. Gildistaka.

■ 1. Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 12. gr. starfsreglna þjóðkirkjunnar með síðari breytingum, nr. 144/2016, um val og veitingu prestsembætta, öðlast þegar gildi.

□ 2. Frá sama tíma falla brott leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir kjörnefndir með matsnefnd, dags. 30. maí 2016 og leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir kjörnefndir án

matsnefndar, dags. 30. maí 2016.

Reykjavík, 4. maí 2017

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands